

Ísafjarðarbær
Jóhann B. Helgason,
sviðsstjóri
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 23. júní 2011
Tilvísun: UST20110500018/jbw

Deiliskipulag Reykjaness við Djúp, Súðavíkurbreppi

Umhverfisstofnun barst erindi frá Ísafjarðabæ dags. 3. maí sl. þar sem óskað er eftir umsögn um lýsingu á deiliskipulagi Reykjaness í Súðavíkurbreppi en landið í eigu Ísafjarðabæjar. Þar er gert ráð fyrir uppbyggingu aukinnar ferðaþjónustu.

Deiliskipulagssvæðið, lýsing og umhverfismat

Í lýsingu á deiliskipulaginu kemur fram að um sé að ræða allt land jarðarinnar Reykjaness sem nær yfir allt nesið að Rauðagarði, um 166 ha að stærð. Hugmyndir um að nýta náttúrulegar laugar á nesinu á sjálfbæran hátt í tengslum við heilsutengda ferðaþjónustu verða nýttar sem grunnur við gerð deiliskipulagsins. Einnig verða skoðaðir þeir möguleikar að fjölga sumarhúsum, að nýta og byggja frekar upp núverandi mannvirki/starfsemi og að vernda og nýta strandsvæði og aðrar náttúru- og menningarminjar.

Auk þess kemur fram í lýsingunni að ekkert bendi til þess að deiliskipulagið muni fela í sér stefnu sem háð er umhverfismati skv. lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana en að ef koma fram hugmyndir við áframaldandi vinnslu deiliskipulagsins, sem kunna að hafa umtalsverð umhverfisáhrif, verður unnið umhverfismat fyrir áætlunina í samræmi við þau lög.

Samræmi við aðrar skipulagsáætlanir

Aðalskipulag Súðavíkurbrepps 1999-2018 gildir fyrir skipulagssvæðið og er deiliskipulagið í samræmi við það.

Náttúruminjar, vernd

Reykjaness er nr. 321 á náttúruminjakrá, nánar tiltekið allt nesið norðan Rauðagarðs.

geyma sérkennilegar sjávarrofsmyndanir, sérstætt gróðurfar og fjölskrúðugt fuglalíf.

Í lýsingu á deiliskipulaginu kemur auk þess fram að á Reykjanesi vaxi alfriðuð plöntutegund, vatnamynda, við laugar.

Uppbygging/jarðrask

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að í deiliskipulagsskilmálum komi fram að við alla uppbyggingu á Reykjanesi, s.s. mannvirkjagerð og niðurstetningu lagna í jörð, verði jarðhitasvæðum ekki raskað og raski á gróðri haldið í lágmarki, einkum við heitar laugar/jarðhitasvæði þar sem er sérstæður gróður og alfriðuð plöntutegund. Einnig telur stofnunin mikilvægt að þar komi fram að við alla uppbyggingu skuli forðast að trufla varp fugla á Reykjanesi og að votlendi á svæðinu verði varðveitt.

Stofnunin telur brýnt að deiliskipulagsskilmálum komi fram að óheimilt sé að gróðursetja framandi tré og plöntur á Reykjanesi vegna hins sérstæða gróðurs sem þar vex. Stofnunin vísar í þessu sambandi í reglugerð nr. 583/2000 um innflutning og ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda, sbr. 10. gr., um að *“Öll ræktun útlendra tegunda hér á landi er óheimil á landslagsgerðum er njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999”*. Ef græða þarf upp röskuð svæði telur stofnunin mikilvægt að notaðar verði staðbundnar tegundir gróðurs en bendir einnig á þann möguleika að varðveita gróðurþekju og leggja aftur yfir röskuð svæði.

Ásýnd mannvirkja

Umhverfisstofnun telur að í deiliskipulagsskilmálum eigi að gera kröfur um að útlit nýrra húsa/mannvirkja á Reykjanesi svo að þau falli sem best að umhverfinu/landslagi.


Fráveita, skólp, úrgangur

Vegna meiri umsvifa á Reykjanesi minnir Umhverfisstofnun á mikilvægi þess að ströngustu kröfum um rotþrær/fráveitur sé fylgt, sbr. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitu og skólp og leiðbeiningarrit Umhverfisstofnunar frá 2004 um rotþrær og siturlagnir, og um úrgang, sbr. reglugerðir um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003 og urðun úrgangs nr. 738/2003. Sveitarstjórnir skulu samkvæmt 14. gr. reglugerðar nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru tæma seyru úr rotþróum með reglubundnum hætti. Nauðsynlegt er að skipulagsskilmálar endurspegli þessi ákvæði reglugerðanna.

Neysluvatn

Umhverfisstofnunin bendir á að öflun neysluvatns og frágangur vatnsveitu á Reykjanesi skuli vera í samræmi við reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001 og að vatnslindir falli undir vatnsvernd samkvæmt ákvæðum reglugerðar um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999. Nauðsynlegt er að skipulagsskilmálar endurspegli þessi ákvæði reglugerðanna.

Að öðru leyti en því sem að framan greinir, gerir Umhverfisstofnun ekki frekari athugasemdir við lýsingu á deiliskipulagi Reykjaness í Súðavíkurhreppi.

Virðingarfyllst

Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri


Jóhanna Björk Weisshappel
Sérfræðingur

Afrit sent: Skipulagsstofnun